



Fréttatilkynning

09 January 2026 16:30:00 GMT

Útgáfuáætlun Arion banka árið 2026 fyrir innlendan markað

Áætlun Arion banka um fjármögnun á markaði árið 2026 á innlendum vettvangi er eftirfarandi:

Sértryggð skuldabréf

Arion banki áætlar að halda útboð sértryggðra skuldabréfa í hverjum mánuði. Heildarfjárhæð útgáfu sértryggðra skuldabréfa mun ráðast af eftirspurn eftir íbúðarlánnum og fjármögnunarpörf bankans. Að jafnaði mun útboð sértryggðra skuldabréfa fara fram fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og verða útboð tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland.

Hvort af útboði sértryggðra skuldabréfa verður ræðst m.a. af markaðsaðstæðum og þörf bankans fyrir fjármögnun hverju sinni. Arion banki leggur áherslu á seljanleika sértryggðra skuldabréfa og eru Landsbankinn, Íslandsbanki og Kvika banki viðskiptavakar sértryggðra skuldabréfa bankans. Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánnum.

Almenn skuldabréf

Arion banki stefnir á að gefa út óveðtryggð skuldabréf undir Euro Medium Term Note (EMTN) skuldabréfamma bankans. Tímasetning ræðst af markaðsaðstæðum en fyrirhugað er að halda tvö útboð á árinu 2026.

Arion banki stefnir að því að halda áfram að auka fjölbreytni í fjármögnun. Bankinn mun skoða aðra fjármögnunarkosti og fjölga fjármögnunarleiðum sé það hagfelld fyrir bankann. Upphæðir og tímasetningar slíkrar fjármögnunar fara eftir markaðsaðstæðum og viðtökum fjárfesta almennt.

Arion banki áskilur sér rétt til að breyta þessari áætlun, þ.m.t. fella niður, fjölga eða breyta útboðsdögum, breyta áætlaðri útgáfufjárhæð og gera aðrar breytingar eins og þörf er á, án fyrirvara.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171



Viðhengi

[Útgáfuáætlun Arion banka árið 2026 fyrir innlendan markað](#)